



Hafnarfjörður



HAFNARFJARDARHÖFN

**VSÓ** RÁÐGJÖF



## **STÆKKUN OG UPPBYGGING HAFNAR Í STRAUMSVÍK**

Viðaukar með matsáætlun

**Október 2023**


## Viðauki A

Minnisblað vegna matsáætlunar á lífríki í Straumsvík vegna stækkunar hafnarinnar. Rorum. Október 2023.

Porleifur Eiríksson

## Minnisblað vegna matsáætlunar á lífríki í Straumsvík vegna stækkunar hafnarinnar.

Haft var samband við RORUM af VSÓ um mat á nauðsynlegum rannsóknum vegna umhverfismats á stækkun hafnarinnar í Straumsvík í Hafnarfirði (mynd 1).



Mynd 1. Fyrirhuguð landfylling í Straumsvík (Egill Þórarinnsson og Þórdís Stella Erlingsdóttir 2023).

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á náttúru Straumsvíkur og nágrennis. Margar rannsóknir hafa verið gerðar vegna Álversins í Straumsvík, en líka vegna umhverfismats vegagerðar og einnig almennt á dýralífi og gróðri svæðisins.

Áhrif fyrirhugaðrar stækkunar hafnarinnar mun hafa bein áhrif á hafsbotninn út af Straumsvík, sem hefur verið skoðaður (Jörundur Svavarsson o.fl. 1991; Jörundur Svavarsson 1998). Á svæðinu er klettbotn svo rannsóknirnar voru gerðar með aðstoð kafara og teknar myndir

(Jörundur Svavarsson 1991). Rannsóknirnar voru gerðar í Hraunavík, austan við Straumsvík, og voru talsvert umfangsmiklar. Ekki er ástæða til halda að lífríki á þessu svæði hafi breyst það mikið að það kalli á nýja rannsókn á svæðinu.

Rannsóknir hafa einnig verið gerðar neðan fjöru í Straumsvík (Jörundur Svavarsson 1990; Agnar Ingólfsson og Jörundur Svavarsson 1995).

Fjaran hefur jafnframt verið rannsókuð, bæði fjaran í Straumsvík (Agnar Ingólfsson 1990; Agnar Ingólfsson 1998a), en líka í Hraunavík strax austan við Straumsvík (Agnar Ingólfsson og María Björk Steinarsdóttir 2002).

Í Straumsvík eru margar tjarnir, þar sem sjávarfalla gætir í fersku vatni. Þessar aðstæður eru sjaldgæfar og hafa talsvert verið rannsakaðar (Agnar Ingólfsson o.fl. 1989; Agnar Ingólfsson 1998b) og nú síðast var gerð ítarleg rannsókn á tjörnunum vegna vegagerðar (Jón S. Ólafsson o.fl. 2020).

Gerð er grein fyrir fuglalífi svæðisins í skýrslu sem gerð var vegna vegagerðar (Rannveig Thoroddsen o.fl. 2020).

Þær heimildir sem hér eru tilgreindar um rannsóknir á lífríki Straumsvíkur er ekki heildarlisti yfir heimildir sem gætu nýst við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á svæðinu, en heimildirnar sýna að ekki er nauðsyn að framkvæma nýjar rannsóknir til að meta umhverfisáhrif stækkunar hafnarinnar í Straumsvík.

## Heimildir:

- Agnar Ingólfsson. 1990. Rannsóknir á lífríki fjöru umhverfis kerbrotagryfjur í Straumsvík. Líffræðistofnun háskólans. Fjölrit nr. 27.
- Agnar Ingólfsson. 1998a. Lífríki í fjörunni við Straumsvík. Náttúrufræðingurinn 67 (3-4), bls. 207-213, 1998.
- Agnar Ingólfsson. 1998b. Lífríki í tjörnum við Straumsvík. Náttúrufræðingurinn 67 (3-4), bls. 255-262, 1998.
- Agnar Ingólfsson, Berthor Johannsson and Hörður Kristinsson. 1989. Zonation of plants in a fresh-water tidal environment. *Scientia Marina* 53: 343-347.
- Agnar Ingólfsson og Jörundur Svavarsson. 1995. Study of marine organisms round a cathode dumping site in Iceland. *The Science of the Total Environment* 163: 61-92.
- Agnar Ingólfsson og María Björk Steinarsdóttir. 2002. Rannsóknir á lífríki fjöru í Hraunavík austan Straumsvíkur. Líffræðistofnun háskólans. Fjölrit nr. 64.
- Egill Þórarinsson og Þórdís Stella Erlingsdóttir. 2023. 10 ha landfylling í Straumsvík og efnistaka í Rauðmelsnámu, Hafnarfjarðarbæ Ákvörðun um matsskyldu. Skipulagsstofnun.
- Jón S. Ólafsson, Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir, Iris Hansen, Eydís Salome Eiríksdóttir, Ingi Rúnar Jónsson, Sigurður Óskar Helgason og Eydís Heiða Njarðardóttir. 2020. Lífríki tjarna við Straumsvík, á áhrifasvæði fyrirhugaðrar breikkunar Reykjanesbrautar. Haf og vatnarannsóknir. HV 2020-52.
- Jörundur Svavarsson. 1990. Studies on the rocky subtidal communities in vicinity of a dumpin pit for pot linings at straumsvik, southwestern Iceland. Líffræðistofnun háskólans. Fjölrit nr. 28.

- Jörundur Svavarsson 1991. Nýjungar við rannsóknir á kletta botni neðansjávar - ljósmyndun lífríkis við álverið í Straumsvík. Kímblaðið, maí 1991. 27-29.
- Jörundur Svavarsson. 1998. Lífríki á klapparbotni neðansjávar við álverið í Straumsvík. Náttúrufræðingurinn 67 (3-4), bls. 215-221.
- Jörundur Svavarsson, Guðmundur V. Helgason og Stefán Á. Ragnarsson. 1991. Rannsóknir á lífríki klettbotns neðansjávar í Hraunsvík við Hafnarfjörð. Líffræðistofnun háskólans. Fjölrit nr. 34.
- Rannveig Thoroddsen, Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Borgný Katrínardóttir, Svenja N.V. Auhage og Sigmar Metúsalemsson. 2020. Breikkun Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni: úttekt á vistgerðum, flóru og fuglalífi. Náttúrufræðistofnun. NÍ-20007.